

A 1816/välfärd

Flytjandi	Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

**Þingmannatillaga
um aukið samstarf norrænna sendiráða við að aðstoða börn og ungmenni,
sem orðið hafa fyrir heiðurskúgun, við að komast heim****Tillaga**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær eigi frumkvæði að því að sendiskrifstofur þeirra erlendis vinni saman og samræmi starfsemi sína til að geta með skjótum og skilvirkum hætti hjálpað þeim sem þvinguð hafa verið í hjónaband

Bakgrunnur

Á hverju ári eru börn og ungmenni prettuð eða sannfærð um að yfirgefa norrænu löndin og neydd í hjónaband þrátt fyrir bann við slíku. Ekki liggja fyrir tölur um nákvæman fjölda.

Best væri vitaskuld að koma í veg fyrir að þau yfirgæfu landið en í þeim tilfellum þegar barn eða ungmenni hefur þegar verið prettað eða sannfært um að fara þurfa þau aðstoð við að komast aftur heim.

Hvert land ber að sjálfsögðu ábyrgð á ríkisborgurum sínum, ásamt sendiráðum erlendis.



Það krefst góðrar þekkingar á viðkomandi stað og sambands við yfirvöld þar að hjálpa barni eða ungmenni að yfirgefa maka sem hann eða hún hefur verið þvinguð í hjónaband með. Þegar um er að ræða stuðning við börn og ungmenni sem neydd hafa verið í hjónaband erlendis og þurfa aðstoð við að komast heim ættu norræn sendiráð að geta unnið saman og samræmt starfsemi sína til að geta veitt aðstoð með skjótum og skilvirkum hætti.

Helsingfors, 2. september 2019

Anna-Kaisa Ilkonen (saml)

Bente Stein Mathisen (H)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Hans Wallmark (M)

Juhana Vartiainen (saml)

Maria Stockhaus (M)

Marianne Synnes (H)

Michael Tetzschner (H)

Nils Aage Jegstad (H)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Pål Jonson (M)

Solveig Sundbo Abrahamsen (H)

Vilhjálmur Árnason (Sj.)

Wille Rydman (saml)